
Magnús Á. Árnason

Höggmyndir og málverk



Magnús Á. Árnason.

Magnús Á. Árnason sýnir myndir sínar á Kjarvalsstöðum dagana 16.-31. október, en þar sýnir hann rúmlega 90 málverk og teikningar, en auk þess eru á sýningunni átta höggmyndir.

Flestar myndirnar eru olíumálverk, en 15 eru kaffi- og blek-teikningar, gerðar á árunum 1933 - 1934.

Magnús Á. Árnason er maður háaldraður, fæddur 28. desember árið 1894 í Narfakoti í Innri-Njarðvík, og voru foreldrar hans hjónin Árni Pálsson, bóndi og kennari þar og kona hans Sigríður Magnúsdóttir.

Magnús Á. Árnason settist í menntaskóla árið 1910, en hvarf frá námi þar eftir einn vetur og hóf nám í Teknisk Selskabs Skole í Kaupmannahöfn (1913 - 1914), en hélt þá til Bandarikjanna, þar sem hann hóf myndlistar- listnám og síðan nám í tónlistarskóla. California School of fine arts í San Francisco (1918 - 1922) og Arrillage Musical College, San Francisco, og síðan hefur hann starfað sem listmálari, rithöfundur, tónskáld og myndhöggvari í Reykjavík.

Kona hans var Barbara Árnason, listmálari sem nú er látin.

Myndlist í sex áratugi

Sem áður sagði eru um 100 verk á sýningu Magnúsar Á. Árnasonar að þessu sinni. Sumar myndanna eru mjög gamlar, t.d. Hólar í Hjaltadal, sem er vatnslitamynd frá árinu 1917. Aðrar eru yngri, en flestar eru málaðar árin 1974 og 1975, en þær eru 36 talsins. Höggmyndirnar eru gamlar og nýjar, sú elzta frá árinu 1930.

Sýning þessi gefur því allgott yfirlit yfir myndlistarstörf Magnúsar Á. Árnasonar.

Myndlist Magnúsar Á. Árnasonar hefur tekið miklum breytingum gegnum árin. Sveiflast úr depilstil impressionismans yfir í hreinan realisma, sem þó er ekki með öllu slitinn úr tengslum við fyrri tíð. Við erum ekki öll sátt við þá þróun er varð í málverki hans og list, hefðum talið, að skerfur hans hefði getað orðið stærri.

Mjög auðvelt er að rökstyðja þessa fullyrðingu, sum þeirra raka eru til að mynda á sýningunni að Kjarvalsstöðum, eins og til að mynda **Mansöngur**, móbergsmynd frá 1954 og sitthvað fleira. Þá eru sumar mynda hans í „depilstil" hreinasta afbragð, sem sanna ótvíræða hæfileika í málverki.

Listasafnið á nýrri braut?

Það vakti athygli mína er ég skoðaði sýningu Magnúsar Á. Árnasonar, að Listasafn Íslands hafði fest kaup á þrem myndum. Þetta voru litlar myndir og munu ekki hafa kostað mjög mikið. Þarna greinir maður ný viðhorf í söfnunarstarfinu þar. Yfirleitt hefur Listasafn Íslands virzt sækjast eftir stórum verkum á sýningum og þá oft mjög dýrum. Ekki fer það þó ávallt saman, og stundum er maður sammála kaupum safnsins, en stundum ekki.


Ég tel þetta athyglisverða þróun. Auðvitað á listasafnið ekki að sniðganga „minni verk". Ef safnið vill verja ákveðinni fjárhæð til kaupa á mynd eftir ákveðinn listamann, á það, þegar svo ber undir að kaupa fleiri en eina — og gera góð kaup. Það hefur svo sannarlega tekizt að þessu sinni.

Sýning Magnúsar Á. Árnasonar er ekki yfirlitssýning á verkum hans, heldur aðeins venjuleg sýning myndlistarmanns, sem hengir upp nýjustu verk sín almenningi til fróðleiks og sjálfum sér til könnunar á stöðunni. Eldri myndir eru síðan teknar með til að varða leiðina, sem er orðin harla lögn. Mér fellur betur við eldri myndir listamannsins, en þær nýju, en það er svo önnur saga, og sem málara met ég hann að verðleikum meira en marga aðra.

Jónas Guðmundsson



Rjúpna-skyttur, bændur og búalið, veiði-menn





PR 24 A hand-TALSTÖÐ er lausnin

BENCO H.F.
BOLHOLTI 4
Reykjavík
Sími (91) 2-19-45


Árgerð 1977 til afgreiðslu strax
VERÐ FRÁ KR. 1530 ÞÚSUND

Þú færð mikið fyrir peninginn þegar þú kaupir FIAT 131






FIAT 131 er með barnalæsingum á hurðum.




FIAT 131 er sérlega vel ryðvarinn frá verksmiðju.



FIAT 131 er með áskrúfuðum frambrettum, sem mjög auðvelt er að skipta um.



FIAT 131 er með sérbyggðum stuðara, sem gengur inn allt að 6 sm áður en yfirbyggingin verður fyrir tjóni.



FIAT 131 Glæsilegar innréttingar og fallegt mælaborð. Auk þess má nefna stórt farangursrými, tvöfalt bremsukerfi, einangraðan topp, færanlegt stýri og sérlega vel styrkt farþegarými.

FIAT 131 mirafiori

FIAT EINKAUMBOÐ Á ÍSLANDI
Davíð Sigurðsson h.f.
Síðumúla 35 Símar 38845 — 38888